

Velkominn til Bagdad - ótti og örlög á vígvöllum stríðsins gegn hryðjuverkum

Bókarhöfundur: Davíð Logi Sigurðsson

Bókarheiti: Velkominn til Bagdad – ótti og örlög á vígvöllum stríðsins gegn hryðjuverkum

Gagnrýnandi: Birgir Hermannsson

Útgáfa: Skrudda, Reykjavík 2007, 184 bls.

SJÓNARHORN BLAÐAMANNS

Þýski heimspekingurinn Hegel sagði að uglan Minerva, tákn vискunnar, hæfi sig til flugs þegar rökkva tæki. Þegar bardaganum er lokið og rykið tekið að setjast, þá fyrst öðlumst við yfirsýn og fellum okkar dóma. Háskólamenn eru því gjarnan seint á ferðinni, enda rannsóknir tímafrekar og þekkingaröflun vandmeðfarin. Hið svokallaða stríð gegn hryðjuverkum, sérstaklega innrásin í Írak, er þessu marki brennt. Sjálfsagt eru ennþá nokkur ár í að verulega bitasæðar doktorsritgerðir um Íraksstríð verði kláraðar í einhverju magni. En þær koma, um það getum við verið viss.

Blaðamenn eru sem betur fer ekki bundnir í sömu fjötrana og háskólamenn. Þeirra hlutverk er að æða út í bardagann sjálfan og skýra frá því sem fyrir augu ber, of seint er að bíða eftir því að rykið setjist á vígvellinum. Á síðustu árum hafa margar prýðilegar bækur komið út um Íraksstríðið og eru þær nær allar ritaðar af blaðamönnum. Sú mynd sem þar er dregin upp af aðdraganda stríðsins, stríðinu sjálfu, óföllum Bandaríkjahers og hörmungum almennra borgara er mikilvæg til skilnings á stjórnvöldum í Bandaríkjunum og ástandi mála í Írak.

Davíð Logi Sigurðsson blaðamaður á Morgunblaðinu bætist í þennan hóp blaðamanna með persónulegri bók um stríðin í Afganistan og Írak, auk umfjöllunar um Kosovo og aðstæður friðargæsluliða og annarra starfsmanna hjálparsamtaka á hættusvæðum. Blaðamannabækur af þessum toga eru því miður sjaldgæfar á íslensku, því þær auðga opinbera umræðu og veita almennungi aðgang að vandaðri umfjöllun á móðurmálinu. Davíð Logi hafði ekki fyrirfram viðtæka reynslu – eins og sumir stéttarbræður hans erlendis – af stjórnkerfinu í Washington, átökum í Afganistan eða Írak undir Saddam Hussein. Hans sérgrein er Írland, en átökin þar í landi eru augljóslega góður undirbúningur til skilnings á átökum almennt. Hann hefur heldur ekki eytt löngum tíma í þessum löndum, ef Kosovo er undanskilið. Þetta er þó ekki aðalatriðið: Með stuttum heimsóknum til Íraks, Afganistans, Guantanamo-flóa á Kúbu og Jórdaníu tekst honum að spinna þráð sem er áhugaverður og persónulegur. Í bókinni er blandað saman heimsmálum, einstaklingum sem Davíð Logi hittir á ferðum sínum og hans eigin hugrenningum. Samúð hans er ætíð með hversdagslegu fólki sem engin áhrif hefur á gang heimsmálanna, en á sér þær óskir helstar að vakna til nýs dags án þess að óttast um líf sitt og barna sinna. Sérstaklega á Davíð Logi heiður skilinn fyrir áhuga sinn á slæmri stöðu írakskra fóttamanna, en svo virðist sem Svíar séu eina þjóðin á Vesturlöndum sem viðurkenni vandann að einhverju marki.

Ég mun eindregið mæla með þessari bók við nemendur mína og hvetja þá til að lesa hana. Raunar er óskandi að þessi bók fari sem víðast, enda eins víst að persónuleg – jafnvel ferðasöguleg – nálgun Davíðs Loga höfði til fjölbreyttari lesendahóps en hefðbundnari bækur um alþjóðamál.